

Háttvirta Velferðarnefnd alþingis.

Undirritaður gerir alvarlegar athugasemdir vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um vísindarannsóknir á heilbrigðisviði, nr. 44/2014 (gjaldtaka vísindasiðanefndar).

Á undanförmum árum og sérstaklega s.l. ár hefur undirritaður sem formaður prófessoraráðs Landsspítala háskólasjúkrahús ásamt öðrum endurtekið bent á þann grafalvarlega vanda sem steðjar að stöðu Íslands á sviði Heilbrigðisvísinda. Þannig hefur jafnt og þétt dregið úr virkni vísindavinnu á sviði heilbrigðisvísinda, sókn í innlenda- sem erlenda samkeppnissjóði auk þess sem samhliða hefur dregið úr hlutfallslegum fjölda tilvitnana í rannsóknir íslenskra vísindamanna. Hefur undirritaður því á undanförmum mánuðum tekið þátt í viðamikilli vinnu innan Landsspítala og Heilbrigðisvísindadeildar Háskóla Íslands sem hefur það að markmiði að snúa þessari ógnvænlegu þróun til betri vegar.

Sem fráfarandi formaður Vísindasiðanefndar til sex ára þá er mér vel kunnugt það mikilvæga starf sem unnið er á vegum nefndarinnar, sem hefur þurft í alltof langan tíma að starfa við óviðunandi rekstrar aðstæður og niðurskurð í kjölfar gjaldþrots íslenskt samfélags nú fyrir hartnær áratug síðan. Nefndinni er ætlað gríðarlega umfangsmikið hlutverk sem snýr bæði að leyfisveitingum og ekki síður eftirliti þeirra. Því er ljóst að til að standa straum af þeim væntingum sem til hennar eru gerðar þarf að auka fjárframlög til nefndarinnar með beinum hætti, en ekki í gegnum gjaldtöku óháðra aðila. Fram kemur í frumvarps drögum að um óverulegar tekjur sé að ræða ef til gjaldtökunnar kemur og því vandséð hvernig slík innheimta eigi að gæta rekstrargrundvöll nefndarinnar til lengri tíma lítið.

Vísindastarf á sviði Heilbrigðisvísinda stendur nú á brauðfótum. Lykill að því að snúa til betri vegar er að stórauка fjárframlög til Heilbrigðisvísinda og styrkja innviði þeirra hér á landi. Það mun ekki nást með því að hefja gjaldtöku af vísindamönnum sem nú þegar eru að berjast í bökkum þar sem Ísland vermir langneðsta sæti meðal Norðurlandanna (og Evrópu) þegar kemur að hlutfallslegu framlagi til málaflokksins af vergi þjóðarframléiðslu. Því er veruleg hætt (og nánast öruggt) að ef frumvarpið verður samþykkt að endanlegt hrun verður meðal heilbrigðisvísinda hér á landi þar sem fjöldi minni og stærri vísindaverkefna mun dragast verulega saman. Samhliða því mun að öllum líkindum minnka verulega það hlutfall vísindaverkefna sem krefjast umsagnar Vísindasiðanefndar, en þá er bæði átt við samstarfs verkefni utan viðkomandi heilbrigðisstofnana með starfandi eigin siðanefndir auk fjölbjóðlegra vísindaverkefna með erlendum samstarfsaðilum. En hvort tveggja er lykill að öflugum og metnaðarfullum verkefnum sem er grunnur að veitingu samkeppnis styrkja bæði hér á landi og erlendis. Einnig mun frumvarpið, ef það verður að lögum, leiða til hruns á innlendum samstarfsverkefnum bæði milli fyrirtækja og opinberra heilbrigðisstofnanna, milli landshluta, auk þess að draga verulega úr nýsköpunarverkefnum á heilbrigðisviði. Einnig ber að hafa í huga að öflugt og gróskumikið vísindastarf er lykill að auknum gæðum og öryggi í heilbrigðisþjónustu sem einnig yrði stefnt í voða ef til ofangreindrar gjaldtöku kemur.

Því er það von mín að ofangreint frumvarp verði dregið til baka í núverandi mynd því að öðrum kosti verður staða íslenskt vísindasamfélags á sviði Heilbrigðisvísinda sett í uppnám og staða þess verulega skert í alþjóðlegum samanburði.

Virðingarfyllt,

Dr. Björn Rúnar Lúðvíksson.

Yfirlæknir ónæmisfræðideildar Landspítala.

Prófessor og forstöðumaður fræðasviðs við læknadeild Háskóla Íslands.

Formaður Prófessoraráðs Landspítala háskólasjúkrahús.

Fráfarandi formaður Vísindasiðanefndar.

